

28. NÓVEMBER 2024

Fréttabréf Hrafnagilsskóla



Ég kem í skólann til að **læra** og nýta **hæfileika** mína til fulls!

Kæru foreldrar og forráðamenn.

Nú er farið að síga á seinni hluta haustannar og jólamánuðurinn framundan með uppbroti og skemmtilegum viðburðum sem honum fylgja.

Skólastefnan okkar.

Í skólastefnu Hrafnagilsskóla segir að hlutverk skólans sé að veita menntun á grunnskólastigi eins og hún gerist best á hverjum tíma, að virðing og vingjarnleiki einkenni öll samskipti og að rækta eigi manngildi. Skilningur er grundvallarviðhorf í skólasamfélaginu með það að leiðarljósi að allir hafi hið góða í sér og möguleikann til að verða betri manneskjur. Í skólastefnunni er lögð áhersla á dyggðir sem fela í sér að börnum er innrætt virðing, góðvild og ábyrgð gagnvart sjálfum sér og öðrum. Ábyrgð, góðvild og virðing eru kjarni dyggðafraeðslunnar í skólanum.



Ný og betri heimasíða og uppfærð skólanámskrá.

Heimasíða skólans hefur fengið uppyftingu og við skólann starfar fagteymi sem vinnur að því að yfirfara hana, bæta og breyta þannig að hún sé aðgengileg, þægileg í notkun, líflæg og lýsandi fyrir skólann og skólastarfið. Við hvetjum ykkur til þess að skoða hana reglulega og lesa fréttir af [skólastarfinu](#).

Skólanámskráin hefur verið yfirfarin og er nú aðgengileg á heimasíðunni. Í skólanámskránni er skólastarfinu, áherslum og sérkennum skólans lýst. Þar má finna grunnþætti menntunar sem skilgreindir eru í aðalnámskrá en þeir eiga að fléttast inn í allt daglegt starf. Á myndinni hér að neðan má sjá grunnþættina sex og birtingarmynd þeirra í Hrafnagilsskóla.

Sköpun

- List- og verkgreinar skipa stóran sess í skólastarfinu.
- Kennsluaðferðir taka mið af sköpun og áhersla er lögð á þemaverkefni og samþættingu námsgreina.
- Tónlistarflutningur og söngur eru fastir liðir á daglegum samverustundum.
- Umhverfismennt, frjáls leikur og tómtundahringekja stuðla að marguíslegri sköpun.

Læsi

- Unnið er eftir lestrarstefnu.
- Áhersla er á læsi í viðum skilningi.
- Læsi gengur þvert á alla árganga og allar námsgreinar.
- Áhersla er á ígrundun, gagnrýna hugsun, ólíka miðla og miðlun efnis.

Lýðræði og mannréttindi

- Dyggðakennsla leggur grunn að mannréttindum og samskiptum.
- Áhersla er á lýðræði í starfsháttum, t.d. bekkjarsjáttmálar, hlutverk, ráð og nefndir.
- Grunngildi og aðferðir agastefnunnar Jákvæður agi stuðla að lýðræðismenntun.

GRUNNÞÆTTIR Í SKÓLASTARFI

Sjálfbærni

- Unnið er eftir sjónarmiðum umhverfisverndar.
- Áhersla er á endurnýtingu, hófsemi og flokkun.
- Nemendur fara í umhverfismennt.
- Útikennslusæði skólans er Aldísarlundur.
- Sjálfbærni er tengd dyggðakennsla.

Jafnrétti

- Skólasýn Hrafnagilsskóla byggir á jafnréttishugsjón um að allir hafi hið góða í sér og möguleikann til að verða betri manneskjur.
- Áhersla er á virðingu og jöfn tækifæri.
- Nemendum er gerð grein fyrir að með auknum þroska öðlist þeir meiri réttindi sem fylgir aukin ábyrgð.
- Daglegt starf byggir á fjölbreytileika til þess að mæta sem best þörfum hvers og eins.

Heilbrigði og velferð

- Stuðlað er að reglulegri hreyfingu og heilsusamlegu lífemi t.d. með hreyfipjálfun í 1. bekk, íþrótt- og sundrennslu, danskennslu, útiivistardögum o.fl.
- Skóladagur nemenda á yngsta stigi er lengdur og sá tími er ætlaður í frjálsan leik, útiivist og hreyfingu.
- Nemendur fá reglulega fræðslu um heilbriggt lífemi.

Foreldrastefnumót

Í haust ákváðum við að vera með foreldrastefnumót fyrir foreldra og forráðamenn í öllum bekkjum. Verkefnið var tilraunaverkefni og lögðum við könnun fyrir foreldra, forráðamenn og kennara í kjölfarið til þess að meta verkefnið. Helstu niðurstöður eru þær að 146 foreldrar og forráðamenn mættu á foreldrastefnumótin og var mæting í bekkjum 70-100%. Könnunin er marktæk þar sem 117 svör bárust og 94,4% fannst stefnumótin gagnleg. Í kennarakönnuninni kom fram að öllum fannst þau gagnleg en svarhlutfall í þeirri könnun var 93%. Um helmingur kennara vildi hafa stefnumótin þrisvar sinnum á skólagöngu nemenda og u.þ.b. þriðjungur foreldra var sama sinnis. Endanleg ákvörðun um framhaldið verður tekin á nýju ári eftir kynningar og umfjöllun í skólaráði, gæðaráði og skólanefnd.

Þegar spurt var um hvað var gott við stefnumótin og hvað mætti bæta má draga niðurstöðurnar saman úr báðum könnunum. Fram kom að trúnaður, góð mæting og stundvísi eru mikilvægir þættir. Einnig vildu foreldrar fá að vita meira um tilgang og markmið stefnumótanna og kennarar þurfa að undirbúa sig betur, t.d. með því að samræma viðbrögð, huga að tímastjórnun og brjóta ísinn í upphafi með einhverjum hætti. Það sem foreldrum þótti jákvæðast við stefnumótin var að fá tækifæri til þess að kynnst bekkjarfélögum barna sinna betur í gegnum foreldra þeirra. Auk þess nefndu þeir hversu gott það var að fá svigrúm til þess að kynnst öðrum foreldrum og auka þannig skilning og traust á milli heimila og einnig á milli heimilis og skóla. Kennarar upplifðu að tengsl mynduðust og að þeir fengju mikilvægar upplýsingar um nemendur.



Iðjubjálfun

Við Hrafnagilsskóla starfar Margrét Rós Sigurðardóttir iðjubjálfi. Iðjubjálfi leggur áherslu á að vinna með þá þætti sem ýmist styðja við eða hindra þátttöku nemenda í skólastarfinu þar sem horft er á samspil einstaklings, iðju og umhverfis. Unnið er með valdeflingu, áhuga og styrkleika nemenda og einnig vanamynstur með því að búa til rútínur, félagsfærni, þátttöku, gróf- og fínhreyfifærni og skynúrvinnsluvanda. Iðjubjálfi hjálpar einnig börnum að takast á við sálfræðilega örðugleika, s.s. hegðunarörðugleika af ýmsum toga og tilfinningalegar áskoranir.

Á döfinni:

- 2. desember - **sameiginleg samverustund**, atriði eru frá 4. og 7. bekk.
- 3. desember - **uppskeruhátíð á unglíngastigi**.
- 19. desember - **Litlu jól og hátíðarkvöldverður** nemenda á unglíngastigi kl. 19:00.
- 20. desember - **Litlu jól** nemenda í 1.- 7. bekk, milli kl. 10:00 - 12:00.
- 21. desember - 2. janúar - **jólafrí**.
- 3. janúar - **kennsla hefst að nýju samkvæmt stundaskrá**.



Dyggð desembermánaðar er þakklæti.



Með jólakveðju,
Ása og Björk

Allir hafa hið **góða** í sér og möguleikann til að verða **betri** manneskjur.